

Akraneskaupstaður
Sigurður Páll Harðarson
Stillholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík 17. nóvember 2020
UST202011-104/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 og nýtt deiliskipulag - Hausthúsatorg

Vísað er til erindis sviðstjóra skipulags- og umhverfissviðs Akraness er barst 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 og nýju deiliskipulagi fyrir Hausthúsatorg á Akranesi

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í því að skilgreindur verður nýr 1,6 ha landnotkunarreitur fyrir verslun og þjónustu, þ.e. eldsneytisafgreiðslustöð með veitingasölu, bílaþjónustu og upplýsingasvæði, norðan Akranesvegur og austan hringtorgs við Þjóðveg/Þjóðbraut. Svæðið er landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi.


Auk þess kemur fram að unnin verður tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar þar sem gerð verður grein fyrir starfsemi á lóðinni, umfangi bygginga, aðkomuleiðum, bílastæðum og öðrum mannvirkjum og búnaði, sem þar verður gert ráð fyrir. Áætlað er að upplýsingasvæði fyrir ferðamenn verði um 3.000 m², heildar byggingarmagn verði um 2.000 m², hámarkshæð bygginga verði allt að 12 m og að heimilt verð að setja upp auglýsingaskilti. Einnig kemur fram að á svæðinu í dag er malarplan og meginhluti svæðisins er ræktað tún.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stafsleyfi og eftirlit með bensínstöðvum heyra undir heilbrigðisnefndir og mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að það komi fram að farið verði eftir reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi við gerð tillögunnar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur